



Umræðuskjal nr. 2/2007

**Drög að leiðbeinandi tilmælum um viðmiðunarreglur vegna
stjórnunar samþjöppunaráhættu hjá fjármálafyrirtækjum
undir annarri stoð Basel II**

Sent fjármálafyrirtækjum til umsagnar. Það er einnig birt á heimasíðu
Fjármálaeftirlitsins (www.fme.is) og er öllum gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á
framfæri fyrir 26. janúar 2007.

12. janúar 2007

I. Inngangur

Nýjar alþjóðlegar reglur um eigið fé fjármálafyrirtækja ganga í gildi í ársbyrjun 2007. Reglurnar eru byggðar á staðli frá Baselnefndinni um bankaeftirlit, svonefndum Basel II staðli, sem gefinn var út í júní 2004 og uppfærður í nóvember 2005. Hann kemur í stað eldri staðals um eigið fé alþjóðlegra fjármálafyrirtækja, sem að stofni til er frá 1988.

Nýju reglurnar eru teknar upp á hinu Evrópska efnahagssvæði með breytingum á tveimur tilskipunum. Samþykkt hafa verið lög um nauðsynlegar breytingar á lögum í þessu sambandi ([lög nr. 170/2006](#)¹) og drög að nýjum reglum um eiginfjárkröfu og áhættugrunn fjármálafyrirtækja hafa verið birt sbr. [umræðuskjal nr. 4/2006](#)². Einnig hafa verið birt drög að nýjum reglum um stórar áhættuskuldbindingar sbr. [umræðuskjal nr. 6/2006](#)³, en þær eru hluti af samþjöppunaráhættu. Tilskipanir þær sem um ræðir eru nr. [2006/48/EB](#)⁴ (kemur í stað nr. 2000/12/EB) og nr. [2006/49/EB](#)⁵ (kemur í stað nr. 93/6/EB).

Basel II reglurnar um eigið fé fjármálafyrirtækja eru í þremur hlutum, svonefndum stoðum eftir enskum heitum þeirra, Pillar I, II og III. Þessar viðmiðunarreglur um samþjöppunaráhættu falla undir aðra stoðina og eru hluti af eftirlits- og matsferli (*SREP*). en viðmiðunarreglur vegna eftirlitsferla sem birtar hafa verið sem [umræðuskjal nr. 5/2006](#)⁶. Þær greinar sem liggja til grundvallar viðmiðunarreglum þessum eru í viðaukum V og XI í tilskipun nr. [2006/48/EB](#).

Í viðauka V, um tæknileg viðmið vegna fyrirkomulags og meðferðar áhættu, er í 7. tl. fjallað um samþjöppunaráhættu vegna áhættuskuldbindinga mótaðila, tengdra mótaðila, mótaðila innan sömu atvinnugreina, landfræðilegra svæða, starfsemi og hrávara. Sérstaklega ber að hafa í huga áhættu tengda stórum, óbeinum áhættuskuldbindingum þar sem veð er veitt af einum aðila. Reglur og ferlar skulu skjalfestir.

Í viðauka XI, um tæknileg viðmið vegna könnunar og mats þar til berra yfirvalda, er í 1. tl. (b) tilgreint að eftirlitsaðilar skulu kanna og meta samþjöppunaráhættu fjármálafyrirtækja auk útlána-, markaðs- og rekstraráhættu.

Í 17. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki með breytingum í desember 2006 er fjallað um eftirlit fjármálafyrirtækja með áhættu:

“Fjármálafyrirtæki skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu í tengslum við alla starfsemi sína. Hjá fjármálafyrirtæki skulu vera til staðar fullnægjandi og skjalfestir innri ferlar til að meta nauðsynlega stærð, samsetningu og innri dreifingu eiginfjárgrunns með hliðsjón af þeim áhættum sem

¹ <http://www.althingi.is/altext/stjt/2006.170.html>

² [http://www.fme.is/fme.nsf/0/0E8EB01B924C59010025722E003E37F2/\\$file/Umræduskjal_04_2006.pdf](http://www.fme.is/fme.nsf/0/0E8EB01B924C59010025722E003E37F2/$file/Umræduskjal_04_2006.pdf)

³ [http://www.fme.is/fme.nsf/0/87EBA40EB32EFFAB00257253003411D3/\\$file/Umræduskjal-6-2006.pdf](http://www.fme.is/fme.nsf/0/87EBA40EB32EFFAB00257253003411D3/$file/Umræduskjal-6-2006.pdf)

⁴ http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/oj/2006/l_177/l_17720060630en00010200.pdf

⁵ http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/oj/2006/l_177/l_17720060630en02010255.pdf

⁶ [http://www.fme.is/fme.nsf/0/C92BD1EAD82315300025723E005AED22/\\$file/Umræduskjal_5_2006.doc](http://www.fme.is/fme.nsf/0/C92BD1EAD82315300025723E005AED22/$file/Umræduskjal_5_2006.doc)

starfsemin felur í sér hverju sinni. Innri ferlar skulu endurmetnir reglulega til að tryggja að þeir séu fullnægjandi með hliðsjón af eðli, umfangi og margbreytileika starfseminnar.”

Með viðmiðunarreglum þessum eru kröfur í tilskipun 2006/48/EB útfærðar nánar með tilliti til samþjöppunaráhættu vegna áhættustýringar og við mat á eiginfjákröfu. Þær eru innleiddar sem hluti af skoðanaskiptum (*e. dialogue*) milli fjármálaeftirlitis og fjármálaeftirlits um eftirlits- og matsferla (*SREP*) og innri matsferla fyrir eiginfjárförf (*ICAAP*) og það ber að líta á þessar reglur sem leiðbeinandi tæki til áhættustýringar.

Sú meginregla að taka tillit til stærðar, mikilvægis og margbreytileika fjármálaeftirlitisins gildir einnig varðandi stýringu og eftirlit með vaxtaáættu í liðum utan veltubókar þar sem gert er ráð fyrir að samræmi sé þar á milli.

Í reglum þessum er samþjöppunaráhætta skilgreind sem sérhver stök, bein eða óbein, áhættuskuldbinding eða flokkur áhættuskuldbindinga sem hugsanlega geta valdið fjármálaeftirliti það miklu tapi að það hafi áhrif á heilbrigði þess eða getu til þess að viðhalda kjarnastarfsemi.

Samþjöppunaráhætta hlýst af:

- Stórum, einstökum áhættuskuldbindingum, hugsanlega fjárhagslega tengdum, eins og skilgreint er í reglum Fjármálaeftirlitsins um stórar áhættuskuldbindingar. Skilgreiningin á fjárhagslega tengdum aðilum þar í þessu skyni að vera nægilega víð til að ná til þeirra áhættuskuldbindinga sem tengjast r.d. gegnum sameiginlegt eignarhald, stjórnun eða ábyrgðir, og
- verulegum áhættuskuldbindingum hópa af mótaðilum (*e. groups of counterparts*) þar sem auknar líkur á vanefndum stara af sameiginlegum, undirliggjandi þáttum s.s.:
 - atvinnuvegi,
 - landfræðilegri staðsetningu,
 - gjaldmiðli,
 - aðgerðum til mildunar útlánaáættu.

II. Viðmiðunarreglur CEBS

Samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á lánamarkaði (Committee of European Banking Supervisors (CEBS)) hefur sett viðmiðunarreglur vegna eftirlitsferla (*Supervisory Review Process*). Reglurnar eru undir annarri stoð eiginfjárreglna fyrir fjármálaeftirliti og eru settar til að efla samræmi í eftirlitsaðferðum. Viðmiðunarreglur þessar um samþjöppunaráhættu eru í raun viðbót við fyrri reglur: [Guidelines on the Application of the Supervisory Review Process under Pillar 2 \(GL 03\)](http://www.c-ebs.org/pdfs/GL03.pdf)⁷. Eftirlitsskyldum aðilum ber að kynna sér efni viðmiðunarreglna CEBS: [Technical aspects of the management of concentration risk under the supervisory review process – CP-11-2nd Part](http://www.c-ebs.org/documents/GL03Cr.pdf)⁸ og eru þær hluti af leiðbeinandi tilmælum þessum.

⁷ <http://www.c-ebs.org/pdfs/GL03.pdf>

⁸ <http://www.c-ebs.org/documents/GL03Cr.pdf>